

Ár 1997, mánudaginn 10. mars var Kjaradómur settur að Kalkofnsvegi 1 í Reykjavík og haldinn af Garðari Garðarssyni, Jóni Sveinssyni, Magnúsi Óskarssyni, Margréti Guðmundsdóttur og Þorsteini Júlíusssyni.

Fyrir var tekið:


Að ákveða tilhögun greiðslna fyrir tilfallandi og tímamælda yfirvinnu ríkissáttasemjara, sbr. 2. og 6. gr. laga nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd, með síðari breytingum.

Starf ríkissáttasemjara er þess eðlis að það krefst mikillar yfirvinnu sem ræðst af atvikum sem ekki er hægt að sjá fyrir og örðugt er að ákvarða að meðaltali. Vegna þessarar sérstöðu ákveður Kjaradómur að yfirvinna ríkissáttasemjara skuli fyrst um sinn metin á grundvelli nákvæmra vinnuskýrslna sem ríkissáttasemjara ber að færa. Mat þetta framkvæmir félagsmálaráðuneytið, en senda skal Kjaradómi jafnóðum yfirlit yfir þær greiðslur sem samþykktar eru. Eðli máls samkvæmt er þessi yfirvinna óregluleg og ekki til þess fallin að jafna orlofsgreiðslum vegna hennar á alla mánuði ársins. Ber því að greiða orlofsfé af þessari yfirvinnu.

Að fenginni hæfilegri reynslu mun Kjaradómur endurskoða þessa ákvörðun.




Garðar Garðarsson,
formaður




Jón Sveinsson



Magnús Óskársson



Margrét Guðmundsdóttir



Þorsteinn Júlíusson